

Kröfur um innflutning á hráu kjöti og eggjum.

Skilyrði um leyfisveitingar við innflutning á hráu kjöti sem framleitt er í EES ríkjum (ESB og EFTA löndum), falla niður 1. jan 2020. Frá þeim tíma er einnig leyfilegt að flytja inn ófrosið kjöt. Innflutningur á kjöti sem framleitt er í ríkjum utan EES er áfram leyfisskyldur. Í stað leyfisveitingar er gerð krafa um viðbótartryggingar fyrir tilteknar kjöttegundir og egg. Viðbótartryggingin felst m.a. í því að með sendingunni þurfi að fylgi viðskiptaskjal sem sendandi vörunnar fyllir út og skrifar undir. Niðurstöður salmonellurannsókna þurfa í ákveðnum tilvikum að fylgja viðskiptaskjalinu. Krafa eru um ákveðinn fjölda sýna til greiningar á salmonellu, og einnig um sýnatöku- og rannsóknaraðferðir.

Við innflutning á eggjum sem upprunin eru í EES ríkjum þarf að fylgja sendingunni vottorð sem opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður skrifar undir. Niðurstöður salmonellurannsókna þurfa alltaf að fylgja með sendingunni nema ef um er að ræða egg sem eiga að fara í frekari vinnslu sem eyðir bakteríunni. Sýnaniðurstöður þurfa ávallt að fylgja sendingunni þrátt fyrir að eggin komi frá landi sem er þegar með viðbótartryggingu.

Framleiðsla og/eða pökkun afurða þarf að vera í samræmi við evrópska matvælalöggjöf.

ATH! Dýraafurðir (kjötafurðir/mjólkurafurðir/egg) sem framleiddar eru í þriðja ríki en fluttar til Íslands í gegnum ESB/EES skulu uppfylla skilyrði 5. gr. reglugerðar nr. [1250/2019](#) um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

Ábyrgð innflutningaðila

Innflutningsaðili ber ábyrg á að gögn (viðskiptaskjöl, vottorð niðurstöður salmonellugreininga) fylgi sendingum af fersku nauta-, svína- kjúklinga- og kalkúnakjöti og eggjum. Einnig að sýnatökur og örverufræðilegar aðferðir séu í samræmi við reglugerð EB 1688/2005.

Örverufræðilegar aðferðir við rannsóknir á sýnum (4.gr í reg. nr. 1688)

Örverufræðilegar prófanir m.t.t. salmonellu á sýnum skal fara fram í samræmi við nýjustu útgáfu EN/ISO 6579 eða NMKL aðgerð nr. 71. Einnig er heimilt að nota aðrar aðferðir til greiningar á sýnum af nauta, svína og alifuglakjöti sem hafa verið fullgiltar gagnvart fyrirgreindum ISO og NMKL aðferðum og ef um er að ræða séraðferð í samræmi við aðferðarlýsingu í EN/ISO-staðli 16140 eða aðra alþjóðlega viðurkennda aðferðarlýsingu.

Lönd á EES svæðinu með viðbótartryggingar (Special guarantees)

Alls hafa fimm lönd á EES svæðinu viðbótartryggingar fyrir mismunandi kjöttegundir og egg.

- Ísland: Ferskt (kælt og frosið) nauta-, svína-, kalkúna- og kjúklingakjöt, þ.m.t hakkað kjöt og hænuegg
- Danmörk: Ferskt kjúklingakjöt og hænuegg
- Svíþjóð, Finnland og Noregur: Ferskt nauta-, svína- og alifuglakjöt (kjöt af alihænsnum, kalkúnum, perluhænsnum, öndum og gæsum) þ.m.t. hakkað kjöt og hænuegg

Kröfur í þessum leiðbeiningum eru byggðar á eftirfarandi lögum og reglugerðum:

- Reglugerð (EB) nr. 853/2004 (sem innleidd er með reglugerð nr. 104/2010) um sérstakar ábyrgðir/viðbótartryggingar (8.gr.).
- Reglugerð nr. 877/2019 um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna sendinga af kjúklingakjöti, kalkúnakjöti og hæneuggjum.
- Reglugerð nr.1155/2019 um viðbótartryggingu varðandi salmonellu vegna sendinga af nauta- og svínakjöti.
- Reglugerð EB nr. 1688/2005 (Ísl. 134/2010) um sérstakar ábyrgðir varðandi salmonellu vegna sendinga af tilteknum tegundum kjöts og eggja
- Lög nr. 93/1995 um matvæli.

Þessar leiðbeiningar fjalla aðallega um reglugerð EB nr.1688/2005, að því er varðar örverufræðilegar prófanir, sýnatökur, viðskiptaskjal, vottorð ofl.

Reglur um kjötinnflutning

Við innflutning á fersku kjöti þarf fylgja ýmisst viðskiptaskjöl og/eða niðurstöður greinga.

Viðskiptaskjal

Viðskiptaskjal (Commercial documents) þarf að fylgja öllum sendingum af fersku (kælt eða frosið) nauta- , svína- , kalkúna- og kjúklingakjöti, þ.m.t. hökkuðu kjöti sem eru flutt inn til Íslands frá EES ríkjum. Fyrir aðrar kjöttegundir þarf viðskiptaskjal ekki að fylgja með sendingum til landsins. Innflutningur á kjöti frá ríkjum utan EES er áfram leyfis skyldur. Fyrirmynd af viðskiptaskjalinu er að finna í 4. viðauka (reglugerðar EB nr. 1688/2005). Enska útgáfa viðskiptaskjalsins (Commercial documents) er að finna í ensku útgáfu [reglugerðar EB nr. 1688/2005](#).

Á viðskiptaskjalinu sem fylgja sendingum þarf m.a að koma fram yfirlýsing um eitt af eftirfarandi; (sbr 6. Lið í IV. viðauka reglugerðar EB 1688/2005):

1. Að sýni sem tekin voru skv. reglugerð EB nr.1688/2005 í salmonellugreiningu séu neikvæð, og niðurstöðuskjöl/yfirlýsing rannsóknastofu þess efnis fylgi sendingunni; eða
2. Að kjöt af nautgripum eða svínunum, þ.m.t. hakkað kjöt, fari á starfsstöð til gerilsneyðingar, dauðhreinsunar eða meðhöndlunar sem hefur svipuð áhrif; eða
3. Að kjötið, þ.m.t. hakkað kjöt, komi frá landi sem þegar hafi viðbótartryggingu fyrir kjöttegundina.

Viðbótartryggingar

Viðbótartryggingar gilda fyrir tiltekna kjöttegundir í ákveðnum löndum. Viðbótartryggingin á við um nýtt/ferskt kjöt en hún á ekki við um unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt. Nýtt kjöt er skilgreint í reglugerð EB 853/2004 sem kjöt sem hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en kælingu, frystingu eða hraðfrystingu til að tryggja geymslupól þess, þ.m.t. kjöt sem er pakkað í lofttæmdar umbúðir eða pakkað við stýrðar loftaðstæður.

Unnar kjötvörur (meat preparation) eru skilgreinar í reglugerðinni (EB 853/2004) sem nýtt kjöt, þ.m.t. kjöt sem hefur verið bitað niður, sem matvælum, kryddi eða aukefnum hefur verið bætt í eða sem hefur verið sett í vinnslu sem nægir ekki til að breyta innri byggingu vöðvaþráða í kjötinu og eyða þannig einkennum þess sem nýs kjöts. Vélúrbeinað kjöt er afurð sem fæst með því að fjarlægja kjöt af beinum, sem enn eru með kjöti eftir úrbeiningu, eða af alifuglaskrokkum með vélbúnaði sem veldur því að bygging vöðvaþráða eyðileggst eða breytist.

Dæmi um innflutning á nokkrum kjöttegundum frá mismunandi löndum, með og án viðbótartrygginga.

- Ef ferskt (frosið eða ófrosið) nautakjöt er flutt inn frá Þýskalandi þá þarf viðskiptaskjal að fylgja með ásamt niðurstöðum salmonellugreininga.
- Ef ferskt svínakjöt er flutt inn frá Finnlandi þá þarf viðskiptaskjal að fylgja sendingunni en ekki niðurstöður salmonellugreininga.
- Ef kryddað nautakjöt (unnin kjötvara) er flutt inn frá Þýskalandi eða Finnlandi þá þarf hvorki viðskiptaskjal né niðurstöður salmonellugreininga.
- Ef gæsa - eða andakjöt er flutt in frá Þýskalandi eða Finnlandi þá þá þarf hvorki viðskiptaskjal né niðurstöður salmonellugreininga.

Reglur um sýnatökur

Innflutningsaðili þarf að gera kröfu til sendanda vörunnar um að sýnatökur fyrir kjöt og egg séu framkvæmdar samkvæmt reglugerð EB 1688/2005. Í reglugerðinni er fjallað um fjölda sýna sem þarf að greina m.t.t salmonellu og hvernig sýnin eru tekin.

Nauta- og svínakjöt

Reglur um sýnatöku sem koma fram í viðauka I (A-þáttur), eiga við um kjöt eða hakkað kjöt úr nautgripum og svínum sem ætlunin er að fari á markað á Íslandi:

1. Stroksýni af skrokkum (heilir, hálfir eða fjórðungar) sem fengnir eru í upprunasláturhúsi.

Sýnatökuraðferð:

Nota þarf hrjúfan svamp við sýnatökuna (adrasive sponge sampling method). Sýnatökusvæðið verður að ná yfir a.m.k. 100 cm² fyrir hvern sýnatökustað.

Nautaskrokkar: Taka á stroksýni af þremur stöðum (læri, hupp og hálsi) sem verða rannsökuð sem eitt safnsýni.

Svínaskrokkar: Taka þarf stroksýni af tveimur stöðum (læri og bringukolli) sem verða rannsökuð sem eitt safnsýni.

Sýnatökuaðferðin og reglur um geymslu og flutning sýna er nánar lýst í ISO-staðli 17604.

2. Fjórðungsstykki frá starfsstöð annarri en upprunasláturhúsi skrokksins, stykki og smærri hlutar (eyðileggingaraðferð)

Sýnatökuraðferð:

Taka skal vefjabita með því að stinga dauðhreinsuðum tappabor (cork borer) inn í yfirborð kjötsins eða með því að skera sneið af vef u.þ.b. 25 sm² með dauðhreinsuðum áhöldum. Sýnin skulu flutt að viðhafðri smitgát í sýnisílát eða þynningarsekk úr plasti og síðan gerð einsleit (í eltimaga (peristaltic stomacher) eða snúningsblandara). Sýni úr frystu kjöti verða að haldast frosin í flutningi til rannsóknarstofunnar. Sýni úr kældu kjöti má ekki frysta en skulu geymd í kæli. Hópa má stökum sýnum úr sömu sendingu í safnsýni, að hámarki 10 sýni, sbr. EN/ISO-staðall 6579. Hvert sýni skal merkt og auðkennt.

3. Hakkað kjöt

Sýnatökuraðferð:

Taka skal u.þ.b. 25 g sýni af kjöti með dauðhreinsuðum áhöldum. Sýnin skulu flutt að viðhafðri smitgát í sýnisílát eða þynningarsekk úr plasti og síðan gerð einsleit (í eltimaga eða snúningsblandara). Sýni úr frystu kjöti verða að haldast frosin í flutningi til rannsóknarstofunnar. Sýni úr kældu kjöti mega ekki frjóska en skulu geymd í kæli. Hópa má stökum sýnum úr sömu sendingu í safnsýni, að hámarki 10 sýni, sbr. EN/ISO-staðall 6579. Hvert sýni skal merkt og auðkennt.

Fjöldi sýna sem taka skal:

Taka þarf fjölda sýna af nauta- og svínakjöti í samræmi við töflur sem fram koma í viðauka I, (B-þáttur)

Dæmi: Nautalundir frá landi sem ekki er með viðbótartryggingu (td. Þýskaland)

Ef 1.000 pakkaðar einingar af nautalundum eru fluttar inn og þyngd á hverjum pakka er 15 kg.

➔ Taka sýni úr $60 \times \frac{3}{4} = 45$ pökkum (sjá töflu 2. hér fyrir neðan)

Hópa má saman 10 í safnsýni → 5 safnsýni fara í greiningu á Salmonellu.

2. Fjórðungar, stykki og smærri hlutar sem um getur í 2. lið A-hluta og hakkað kjöt sem um getur í 3. lið A-hluta

Fjöldi pakkaðra eininga í sendingu, sem taka skal sýni úr með slembiúrtaki, skal vera eftirfarandi:

Sending (fjöldi pakkaðra eininga)	Fjöldi pakkaðra eininga sem taka skal sýni úr
1–24	Fjöldi sem svarar til fjölda pakkaðra eininga, þó að hámarki 20
25–29	20
30–39	25
40–49	30
50–59	35
60–89	40
90–199	50
200–499	55
500 eða fleiri	60

Það ákvarðast af þyngd pökkuðu eininganna hvort fækka megi þeim pökkuðu einingum sem taka skal sýni úr og skal fækkunin ákveðin með eftirfarandi margföldunarstuðlum:

Þyngd pakkaðra eininga	> 20 kg	10–20 kg	< 10 kg
Margföldunarstuðlar	$\times 1$	$\times \frac{3}{4}$	$\times \frac{1}{2}$

Kjúklinga-og kalkúnakjöt.

Reglur um sýnatöku sem koma fram í viðauka II (A-þáttur), eiga við um kjöt eða hakkað kjöt úr kjúklingum og kalkúnum sem ætlunin er að fari á markað á Íslandi:

1. Skrokkar (með húð á hálsi enn áfasta):

Sýnatökuáferð:

Í sýnunum skulu vera u.þ.b. 10 g hlutar af húð á hálsi sem skal fjarlægja með dauðhreinsuðum skurðarhníf og töng, að viðhafðri smitgát. Slembiúrtakssýnin verða að dreifast jafnt á alla sendinguna.

2. Skrokkar án húðar á hálsi, skrokkhlutar og sláturmatur:

Sýnatökuáferð:

Taka skal u.þ.b. 25 g vefjabita með því að stinga dauðhreinsuðum tappabor inn í yfirborð kjötsins, eða með því að skera sneið af vef með dauðhreinsuðum áhöldum.

3. Hakkað kjöt:

Sýnatökuáferð:

Taka skal u.þ.b. 25 g sýni af kjöti með dauðhreinsuðum áhöldum

Hópa má sýnin saman í hverjum lið (1-3) hér að ofan að hámarki 10 sýni eins og kveðið er á um í EN/ISO staðli 6579. Hvert sýni skal merkt og auðkennt. Sýnin skulu geymd í kæli þar til þau eru rannsökuð.

Fjöldi sýna sem taka skal:

Taka þarf fjölda sýna af kjúklinga- og kalkúnakjöti í samræmi við töflur sem fram koma í viðauka II, (B-þáttur).

Dæmi: Kjúklingabitar (læri, lundir, bringur) frá landi sem ekki er með viðbótartryggingu (td. Þýskaland)
Ef 150 pakkar af kjúklingabítum eru fluttar inn. Þyngd á hverjum pakka er 9 kg.

→ Taka sýni úr $50 * \frac{1}{2} = 25$ pökkum (A-þáttur - 2. tl.)

Hópa má sama 10 sýnum í safnsýni → 3 sýni fara í greiningu á Salmonellu.

Reglur um innflutning á eggjum

Sendingum á eggjum þarf ávallt að fylgja vottorð samrýmist fyrirmyndinni í V. Viðauka og stundum niðurstöður greininga.

Vottorð

Vottorð sem fylgja eggjasendingum þarf m.a. að koma fram yfirlýsing um að opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður, hafi staðfest með undirskrift sinni að: (sbr 2. hluti í V):

- i. Niðurstöður salmonellurannsókna úr upprunahópi eggjana í þessari sendingu séu neikvæðar, eða
- ii. Að eggin á að nota til framleiðslu á unnum afurðum með vinnsluaðferð sem tryggir eyðingu salmonellu.

Niðurstöður greininga - Sýnatökur í upprunahópi eggja.

Reglur um sýnatöku sem eiga við um fuglahópa ef ætlunin er að eggin fari á markað.

Í III. Viðauka er sýnatökum í upprunahópi eggja lýst. Sýnin skulu vera úr saurefni sem safnað er saman: t.d.

1. Ef um er að ræða hænur, sem eru á prikum í búrum, eða útihænu þá skal taka sýni af handahófi á nokkrum stöðum í byggingunni þar sem hænunum er haldið. Taka skal samsett saursýni, sett saman úr stökum sýnum úr nýjum saur sem hvert um sig vegur a.m.k. 1 g. Taka skal 60 saursýni í byggingu eða byggingum á bújörðinni. (Einnig er val um að taka sýni skv. lið 1.2 í A. Þætti III. Viðauka)
2. Ef um er að ræða varphænur í búrum skal taka sýni af sköfum eða af efsta lagi drits í dritkjallara. Taka skal 60 saursýni eða a.m.k. 60 grömm af saur sem blandast hefur á eðlilegan hátt.

Taka skal sýni úr hópnum síðustu tvær vikurnar áður en varp hefst og eftir það a.m.k. einu sinni á 25 vikna fresti.